



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 06.03.2020

Kl.: 17:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Lýsing á atburði

Í dag hafa sex einstaklingar verið greindir með COVID-19. Smitrakning vegna þessara tilfella stendur yfir. Nú hafa samtals 43 tilfelli af veirunni SARS-CoV-2 sem veldur COVID-19 sjúkdómi verið staðfest á Íslandi. Viðkomandi einstaklingar eru í einangrun.

Fyrstu smit innanlands greindust í dag, þau eru þrjú og eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þessir einstaklingar eru við nokkuð góða heilsu. Þau smituðust vegna tengsla við smitaða einstaklinga sem komu frá þessum skíðasvæðum sem Íslendingar hafa smitast á. Smitrakning hófst þegar í stað þegar greining var ljós.

Sökum þessa hefur Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra í samráði við sóttvarnalækni virkjað neyðarstigið og landsáætlun um heimsfaraldur, Heimsfaraldur - Landsáætlun. Virkjun neyðarstigs hefur ekki teljandi áhrif á almenning umfram hættustig sem varað hefur frá 28. febrúar sl. Hluti viðbragðskerfisins herðir á sínu skipulagi, til að mynda með auknum kröfum í sóttvörnum. Um 150-200 stofnanir og fyrirtæki í landinu hafa hlutverki að gegna í þessu samhengi.

Ekki hefur verið lagt á samkomubann. Samkomubann er umfangsmikil aðgerð sem hefur mikil áhrif á samfélagið og því ekki virkjað eins og sakir standa.

Ástæða þykir að hvetja viðkvæma einstaklinga til að forðast mannamót ásamt því að hvetja almenning til að fylgja leiðbeiningum um varúðarráðstafanir vegna veirunnar.

Heilbrigðisstofnanir og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu eru að efla varnir sínar.

Íslensk erfðagreining hefur boðist til þess að skima fyrir COVID-19 veirunni í íslensku samfélagi til að kanna hvort veiran sé búin að hreiðra um sig í samfélaginu.

Í dag hafa um 70 sýni verið rannsökuð á Landspítala. Unnið er að því að auka afkastagetu í greiningu smita á sýkla- og veirufræðideild Landspítala. Frá upphafi hafa um 400 sýni verið rannsökuð.

Um 330 manns, sem hafa verið í samskiptum við viðkomandi einstaklinga, eru í sóttkví. Sá sem fyrst smitaðist er útskrifaður af Landspítala heim í einangrun.

Öll áhersla er lögð á sóttkví meðal þeirra einstaklinga sem koma frá skilgreindum áhættusvæðum. Í dag eru skilgreind áhættusvæði Ítalía, Íran, Kína og Suður-Kórea.

Áherslan í vinnu dagsins var á viðbrögð vegna smita innanlands, þá sérstaklega upplýsingamiðlun vegna fólks sem er sérstaklega viðkvæm. Jafnframt var unnið almennt að samhæfingu leiðbeininga, svörun fyrirspurna, undirbúning á komu véla frá áhættusvæðum um helgina og komu skemmtiferðaskipa eftir helgi.

Staða mála

Ísland - staðan í dag

Uppruna smita á Íslandi er bæði að finna innanlands og erlendis (á Norður-Ítalíu og í Austurríki). Uppruni smita dreifist eftirfarandi:

Uppruni smita	Fjöldi
Innanlands	3
Erlendis	40
Samtals	43

Fjöldi einstaklinga í úrræði:

Úrræði	Fjöldi
Einangrun	43
Sóttkví	326
Samtals	369

Smitranssóknateymi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sóttvarnalæknis hefur haft samband við einstaklinga í sóttkví. Þeir hafa notið liðsinnis heilbrigðisstarfsmanna frá Landspítala.

Fólk í sóttkví samkvæmt landsvæðum:

Sóttkví	Fjöldi
Höfuðborgarsvæði	289
Suðurnes	8
Vesturland	4
Norðurland	15
Austurland	2
Suðurland	2
Samtals	326

Upplýsingamiðlun:

- Viðbragðsáætlunin Heimsfaraldur – Landsáætlun 2020 3ja útgáfa var undirrituð í dag, sjá áætlun [Heimsfaraldur – Landsáætlun](#).

Fundir í dag:

- Fundur með lögreglustjórum, umdæmislæknum, hafnarstjórum, Landhelgisgæslunni, Samgöngustofu, Sóttvarnalækni og Tollstjóra varðandi leiðbeiningar fyrir sóttvarnahafnir vegna COVID-19.
- Fundað var með Fangelsismálastofnun í morgun um sóttvarnir í fangelsum.

Framundan:

- Næsti upplýsingafundur fyrir fjölmiðla verður haldinn laugardaginn 6. mars kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni, Skógarhlíð 14.
- Næsti stöðufundur í Samhæfingarstöð almannavarna verður á mánudaginn 9. mars kl. 9:00.

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 6. mars 2020 hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 100.330 einstaklingum og um 3.408 einstaklingar hafa látist (3,4%). Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 55.753 einstaklegar náð sér eftir veikindin. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

Kína, Suður-Kórea, Íran, Ítalía og skíðasvæðið Ischgl í Austurríki (frá og með 29. febrúar 2020) eru skilgreind áhættusvæði vegna COVID-19. Allir þeir sem hafa fasta búsetu á Íslandi sem koma frá þessum svæðum – þó svo að þeir fljúgi frá flugvöllum sem ekki eru á skilgreindu áhættusvæði – þurfa að fara í 14 daga sóttkví. Tíu einstaklingar eru í sóttkví á Tenerife. Þeir koma að líkindum til landsins á laugardaginn (7.3.2020) eftir 12 daga sóttkví þar í landi og klára sína sóttkví hér. Sóttkvíin á Tenerife er á ábyrgð spænskra stjórnvalda.

Danir hafa hækkað aðvörunarstig verða ferða til Frakklands, Þýskalands, Spánar og Austurríkis úr grænu í gult í 2, sem þýðir sýnið mikla aðgætni. Eins hafa þeir hvatt til þess að samkomum með fleiri en 1.000 þátttakendum verði frestað út mars. Fjöl margar alþjóðastofnanir hafa sent tilkynningu um frestun á stórum fundum, boðað til fjarfundir eða sett á fjöldatakmörkanir.

Evrópa, Bandaríkin, Kanada.	Tilfelli	Dauðsföll
Heimild ECDC 6. mars kl. 13:30		
Ítalía	3858	148
Frakkland	423	7
Þýskaland	400	0
Spánn	261	3
Bretland	115	1
Noregur	86	0
Holland	82	0
Svíþjóð	61	0
Austurríki	50	0
Ísland	35	0
Belgía	50	0
Grikkland	32	0
Danmörk	20	0
Króatía	10	0
Tékkland	8	0
Finnland	12	0
Írland	13	0
Portúgal	9	0
Rúmenía	6	0
Ungverjaland	2	0
Eistland	5	0
Litháen	1	0
Slóvenía	6	0
Liechtenstein	1	0
Luxemburg	1	0
Pólland	1	0
Lettland	1	0
Bandaríkin	233	12
Kanada	45	0